



Púðar

Höfundur: Guðrún Einarsdóttir



ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNAANS Verkefni í textílmennt fyrir 7. bekk



Verkefnið er að hanna og sauma einn til tvo púða.

Ytri púðinn

- 1 Gerðu lágmark þrjár skissur.
- 2 Notaðu mismunandi form.
- 3 Skoðaðu líti og litasamsetningar t.d út frá herberginu þínu eða einhverjum stað þar sem þú ætlar að hafa púðana.
- 4 Hvaða skreytingaraðferð á að nota? T.d. útsaum í vél eða höndum, þrykk eða bútasaum?
- 5 Gerðu þér grein fyrir stærð – notaðu málband.
- 6 Skoðaðu hvernig á að loka opinu – nokkrir möguleikar.
- 7 Búðu til snið úr pappír.
- 8 Veldu efni og klipptu eftir sniðinu – mundu eftir saumförinum.
- 9 Nú er komið að skreytingunni – á framhlið og ef þú vilt líka á bakhlið.
- 10 Saumaðu saman framhlið og bakhlið – athugaðu opið / lokun.



Innri púðinn

- 1 Klipptu eftir sniðinu úr lérefti (slepptu saumfari).
- 2 Saumaðu hliðarnar saman, en hafðu smá op á einni hliðinni.
- 3 Fylltu púðann með tróði og lokaðu fyrir í saumavél.
- 4 Settu innri púðann inn í ytri púðann.

Mundu að gera ráð fyrir opi á einni hliðinni.



Það eru óteljandi möguleikar...

Gangi þér vel!

